


VERKEFNI 6.A.

Rissaðu myndirnar í bókina þína, settu inn málin og skrifaðu upp viðeigandi formúlur.

Þú þarft að skipta myndunum upp í form sem þú þekkir og reikna myndirnar í hlutum.

1. Reiknaðu flatarmál og ummál þessa flatarmyndar.



Athuga að skipta hæðinni 10 cm í 6 cm og 4 cm. Notaðu lengdina 10 cm, lárétt.


F = flatarmál

$$F = F_1 \text{ og } F_2 = 10 \text{ cm} \cdot 4 \text{ cm} + 6 \text{ cm} \cdot 4 \text{ cm} = 40 \text{ cm}^2 + 24 \text{ cm}^2 = \underline{64 \text{ cm}^2}$$

U = ummál

$$U = 10 \text{ cm} + 4 \text{ cm} + 6 \text{ cm} + 6 \text{ cm} + 4 \text{ cm} + 10 \text{ cm} = \underline{40 \text{ cm}}$$

2. Reiknaðu flatarmál og ummál þessa samsíðungs.



Athuga misritun á mynd. Hlið AD = 7 cm.
g = grunnlína og h = hæð

$$F = g \cdot h = 7 \text{ cm} \cdot 5 \text{ cm} = \underline{35 \text{ cm}^2}$$

Til að finna hlið AB = CD þarf að nota hornafallareglur eða reglur sérstaka þríhyrninga.
Vitum mótlæga hlið miðað við hornið 60° . Þá er $AB = 5 \text{ cm} / \sin(60^\circ) = 5,77$

eða með reglu sérstaka þríhyrninga, styttri lárétta hliðin er $5/\text{kva}(3)$ og
 $AB = 2 \cdot 5/\text{kva}(3) = 10/\text{kva}(3) = 5,77$

$$\text{Þá er } U = 2 \cdot 7 \text{ cm} + 2 \cdot 5,77 \text{ cm} = 14 \text{ cm} + 11,54 \text{ cm} = \underline{25,54 \text{ cm}}$$